

## Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. júní 2023 vegna auglýsingar á tillögu að breyttu deiliskipulagi – Skúlagötusvæði – Skúlagata

Góðan dag, það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi vegna Skúlagötusvæði – Skúlagata, birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 16. júní 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is)

### Skúlagötusvæði – Skúlagata

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. maí 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 25. maí 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis. Í breytingunni sem lögð er til felst afmörkun nýrrar lóðar þar sem heimilt verður að reka hraðhleðsluþjónustu fyrir bíla, skilgreindur verður byggingarreitur fyrir spennistöðvar ásamt inn og útkeyrslum og hámarksfjöldi hleðslustæða verður 15 stæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is). Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **16. júní 2023 til og með 28. júlí 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 28. júlí 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is).

mkv.

### **Puríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Virðing fyrir umhverfinu   
Fagmennska í hverju verki  
Þjónusta við samfélagið 

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)